

reiðalögum nr. 23 16. júní 1941, 23. gr. sbr. 38. og 39. gr., umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941, 4. gr., sbr. 14. gr., og áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935, 21. gr., sbr. 39. gr. Þykir refsing sú, sem hann hefur unnið til, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Þá ber að svipta hann leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Enginn óþarfa dráttur hefur orðið á máli þessu.

**Því dæmist rétt vera:**

Kærði, Jóhann Þorgrímur Friðriksson, sæti 10 daga varðhaldi. Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað, sem leitt hefur og leiða kann af máli þessu, þar á meðal kr. 200.00 til skipaðs talsmanns síns, Jóns Sveinssonar hdl.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 14. apríl 1946.

**Nr. 71/1944. Bergsveinn Guðmundsson**

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**Sigurði Ólafssyni**

og

**Helga Péturssyni (Hrl. Ragnar Ólafsson).**

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Verksamningur. Vanefndir. Riftun.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 31. maí 1944, krefst þess, aðallega að hann verði sýknaður, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 715.00 með 5% vöxtum frá 5. júní 1943. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur

og þeim dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Tveir matsmenn voru dómkvaddir 22. marz 1943 samkvæmt beiðni áfrýjanda til þess að virða, hvort verki stefndu væri ábóta vant, og ef svo væri, þá að hve miklu leyti, og meta til peningaverðs, hve mikið kosta mundi að bæta úr göllunum.

Matsmenn þessir skiluðu skoðunargerð og mats hinn 9. maí 1943 og hafa síðar komið fyrir dóm og gefið rækilegri skýrslu um verk stefndu. Telja þeir verki stefndu mjög ábóta vant í ýmsum greinum. Áætluðu matsmenn, að lagfæring á þeim hluta verksins, sem stefndu unnu, hefði kostað kr. 1400.00, miðað við nothæft verk, en ef miðað er við verk fulllærðra iðnaðarmanna, hefði verk stefndu verið mjög ófullkomið og kostnaður við lagfæringu miklu meiri, en hér sé þess að geta, að steypan undir múrhúðun á loftum hafi verið mjög óslétt vegna óhagkvæms „undirsláttar“, sem áfrýjandi samkvæmt málflytningnum verður að teljast bera ábyrgð á.

Stefndu áttu inni hjá áfrýjanda, þegar hann neitaði að skipta lengur við þá, kr. 2115.00 fyrir unnin verk, og er þessi niðurstaða fengin með því að leggja tilhögun verksamningsins um greiðslur til grundvallar. Þar sem áfrýjandi hafði ekki áður, svo sannað sé, kvartað undan verkum stefndu og þeir buðust til að bæta úr missmiði á verkinu, sbr. 49. gr. laga nr. 39/1922, þá þykir bera að dæma áfrýjanda til að greiða þeim nefnda fjárhæð, kr. 2115.00, með vöxtum eins og krafizt er. Hins vegar eru með skýrslum matsmanna leiddar sönnur að svo miklum göllum á verki stefndu, að áfrýjanda var heimilt að hafna áframhaldandi viðtöku á verki þeirra og synja þeim greiðslu samkvæmt verksamningi að því leyti, sbr. 46. gr. laga nr. 39/1922. Ber því að sýkna áfrýjanda af greiðslu þess hluta af kröfu þeirra, kr. 3885.00.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn í héraði og fyrir hæstarétti kr. 1200.00.

## Dómsorð:

Áfrýjandi, Bergsveinn Guðmundsson, greiði stefndu, Sigurði Ólafssyni og Helga Péturssyni, kr. 2115.00 með 5% ársvöxtum frá 5. júní 1943 til greiðsludags og samtals kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

## Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., hefur Áki hdl. Jakobs-son hér í bæ f. h. Sigurðar Ólafssonar og Helga Péturssonar höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitun með stefnu, útgefinni 28 febr. s. l., gegn Bergsveini byggingameistara Guðmundssyni, Ránargötu 4 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 5500.00, ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 5. júní 1943, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að sér verði gert að greiða kr. 315.00 eða aðra fjárhæð að mati dómara og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dagsettum 20. nóvember 1942, tókust stefnendur á hendur múrsmiðavinnu í húsi, sem stefndi var þá að byggja að Lambastöðum á Seltjarnarnesi. Segir svo í samningnum, að verkið sé fólgið í því að járnbinda og steypa loft yfir þakhæð hússins, enn fremur að múrhúða húsið allt að utan og innan, þ. e. að gróf- og finnhúða húsið í hólf og gólf, leggja í gólf og slétta undir dúka. Að utan skyldi slétthúða húsið. Fyrir verk þetta skyldi stefnendum greiddar kr. 14000.00 þannig:

1. Þegar búið væri að steypa loftið .....	kr. 3000.00
2. Þegar búið væri að grófhúða stofuhæð .....	— 3500.00
3. Þegar búið væri að slétthúða húsið að utan ..	— 3500.00
4. Þegar lokið væri við grófhúðun á kjallara ....	— 2000.00
5. Þegar lokið væri við finnhúðun alls hússins að innan .....	— 2000.00

Stefnendur luku verkum þeim, er greinir í 1., 2. og 4. tölulið, og tóku við greiðslum stefnda fyrir þau. Því næst luku þeir verkinu í 5. tölulið, en greiðslu fyrir þann lið fengu þeir enga hjá stefnda. Hinn 17. marz f. á. ritaði umboðsmaður stefnenda stefnda

bréf og krafði hann skila. Virðist bréf þetta hafa orðið til þess, að stefndi lét dómkveðja tvo matsmenn til þess að skoða verk stefnenda og meta galla á því til peninga. Matsgerð þeirra er dagsett 9 maí f. á., og samkvæmt henni telja þeir, að kosta muni kr. 4785.00 að lagfæra og ljúka við verk stefnenda samkvæmt verk-samningnum. Hinn 27. maí f. á. ritar umboðsmaður stefnenda stefnda enn bréf og tilkynnir honum, að stefnendur vilji standa við verksamninginn, séu reiðubúnir til að ljúka verkinu og lagfæra galla á því, sem þeim verði sök á gefin, en áður (23. marz) hafði stefnda verið tilkynnt, að stefnendur væru tilbúnir til að ljúka verkinu, þar eð frost væri í rénun, og hann jafnframt kraf-inn svars um það, hvort hann ætlaði sjálfur að standa við samning-inn. Stefnendur fengu engin svör við bréfum þessum, og telja, þeir, að stefndi hafi með þessu atferli rofið verksamninginn, og beri honum því að greiða eftirstöðvar verkalaunanna að fullu, þar eð hann hafi eigi þekkt boð þeirra um að ljúka verkinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að vinnubrögð stefnenda og frágangur þeirra á verkinu hafi verið svo léleg, að hann hafi eftir árangurslausar aðfinnslur við þá orðið að segja þeim að hætta. Stefnendur hafa eindregið mótmælt því, að stefndi hafi í nokkru fundið að verkum þeirra, þótt hann hafi verið viðstaddur nærri daglega og fylgt með þeim, svo og því, að þeim hafi verið sagt að hætta vinnunni. Hefur stefndi ekki fært sönnur á þessar staðhæfingar sínar, og verður sýknukrafa hans því eigi til greina tekin.

Lækkunarkröfu sína byggir stefndi á fyrrgreindu mati.

Hér að framan var því lýst, að stefndi veitti engin svör til-boðum stefnenda og áskorunum, er þeir gerðu honum, bæði áður en kunnugt varð um niðurstöður matsmanna og eftir það. Þykir eigi verða hjá því komið að telja, að hann hafi með þessari hátt-semi sinni svipt sig þeim rétti, sem hann annars kynni að hafa átt til að bera það fyrir sig, að verkum þeirra væri ábóta vant, enda er og, eins og áður segir, ósannað, að stefndi hafi haft uppi kvartanir um þetta innan hæfilegs frests, en hann, sem er bygg-ingafróður, fylgdist með verkum stefnenda.

Verður varakrafa stefnda því eigi heldur tekin til greina.

Málalok verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til greiðslu stefnukröfunnar, kr. 5500.00, með vöxtum, eins og krafizt var. Rétt þykir og, að stefndi greiði stefnendum kr. 300.00 upp í máls-kostnað.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp þenna dóm, en dómsuppsaga hefur dregið nokkuð umfram venju vegna mjög mikilla embættisanna og þá sérstaklega vegna fjölda mála um breytingu á kjörskrá hér í bænum.

**Þvi dæmist rétt vera:**

Stefndi, Bergsveinn Guðmundsson, greiði stefnendum, Sigurði Ólafssyni og Helga Péturssyni, kr. 5500.00 með 5% ársvöxtum frá 5. júní 1943 til greiðsludags og kr. 300.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. maí 1946.

**Kærumálið nr. 6/1946. Eigendur jarðarinnar Þingness gegn**

**Landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs, eiganda jarðarinnar Hests,**

**og**

**Kirkjumálaráðherra sem fyrirsvarsmanni Reykholts- og Hvanneyrarkirkna.**

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Um valdsvið matsmanna samkvæmt 84. gr. laga nr. 112/1941.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóm hefur upp kveðið Theódór B. Lindal hæstaréttarlögmaður sem setudómari í málinu ásamt samdómendunum Þorsteini Kristleifssyni og Þorvaldi T. Jónssyni.

Með kæru 30. marz s. l., er hingað barst 5. apríl s. l., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært dóm landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, upp kveðinn 26. marz s. l., þar sem vísað var frá dómi máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Kærandi hefur ekki sent hæstarétti neina greinargerð né kröfur, en ætla má, að kært sé í því skyni, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur.

Varnaraðiljar hafa ekki borið fram neinar kröfur né greinargerð í málinu.

Skýra verður 84. gr. laga nr. 112/1941 á þá leið, að skera skuli úr með matsgerð ágreiningi um efni, er í 1. mgr. getur og risið hefur í sambandi við ákvæði nefndra laga um